

Nd. **476. Frumvarp til laga** [244. mál]
um breyting á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1980.

Flm.: Albert Guðmundsson, Guðmundur J. Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 2. málslíð 1. málsg. 113. gr. laga nr. 40/1978 (sbr. 49. gr. laga nr. 7/1980) bætist nýr málslíður er orðist svo:

Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Oft hefur verið undan því kvartað, að innheimta opinberra gjalda gangi svo langt að launafólk hafi ekki til hnífs og skeiðar milli launagreiðsludaga. Frumvarp þetta er flutt til þess að koma í veg fyrir að áfram verði haldið á þeirri braut, að launagreiðendum verði gert að skyldu að taka allt að fullum launum launþega upp í opinber gjöld.

Með því að takmarka það við 75% af heildarlaunagreiðslum, sem launagreiðendur innheimta hverju sinni, er tryggt að launþegi fái ávallt að minnsta kosti $\frac{1}{4}$ launa sinna til ráðstöfunar milli launagreiðsludaga.

Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að vandi heimilanna er mikill, ef fyrirvinna fær eingöngu greiðslukvittun fyrir opinberum gjöldum í stað peninga á útborgunardegi.

Frumvarp þetta er flutt til að minnka þennan vanda og verja launþega gegn þeim hörðu aðgerðum sem þeir verða annars fyrir af hálfu innheimtumanna opinberra aðila.